

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi Valla 6. áfanga, Hnoðravellir nr. 5 og 7.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 28. febrúar 2007 breytingu á deiliskipulagi Valla 6. áfanga, Hnoðravellir nr. 5 og 7 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að reist verður einnar hæðar parhús í stað tveggja hæða merkt R4 á lóðinni Hnoðravellir nr. 5 og 7. Einnig er bætt við í byggingarskilmálum 5.3.4 er varða einnar hæðar parhús. Farið var með breytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Bjarkavelli nr. 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 6. febrúar 2007 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bjarkavelli nr. 1 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að í stað 3-4 hæða byggingar með 79 íbúðum, verður reist 3-5 hæða bygging með 101 íbúð á lóð nr. 1 við Bjarkavelli. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 26. mars 2007,

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2007